

# Frumvarp til laga

## um breytingu á lögum um opinbera háskóla, nr. 85/2008 (landbúnaðarháskólar og samstarf opinbera háskóla).

(Lagt fyrir Alþingi á 141. löggjafarþingi 2012-2013.)

### I. kafli.

#### Breyting á lögum um opinbera háskóla, nr. 85/2008.

##### 1. gr.

Á eftir orðunum „Háskólann á Akureyri“ í 1. mgr. 1. gr. laganna kemur: Landbúnaðarháskóla Íslands og Hólaskóla – Háskólans á Hólum.

##### 2. gr.

2. gr. laganna fellur brott.

##### 3. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 3. gr. laganna:

- a. Á eftir orðinu „Háskóli“ í 1. másl. 1. mgr. kemur: er sjálfstæð menntastofnun sem.
- b. Á eftir orðinu „tækniþróunar eða lista“ í 1. másl. 1. mgr. kemur: sbr., 2. gr. og 3 gr. laga um háskóla.
- c. Við 2. mgr. bætist: sbr. 21. gr. laga um háskóla.

##### 4. gr.

2. másl. 1. mgr. 16. gr. laganna orðast svo: Þeir sem bera starfsheitin prófessor, dósent, lektor og sérfræðingur skulu hafa þekkingu og reynslu í samræmi við alþjóðleg viðmið fyrir viðkomandi starfsheiti á þeirra fræðasviði, staðfest með álitni dómnefndar eða með doktorsprófi frá viðurkenndum háskóla.

##### 5. gr.

Við 24. gr. laganna bætast við nýr stafliður sem orðast svo:

g. umsýslu- og afgreiðslugjöldum umsókna nemenda með ríkisfang utan Evrópska efnahagsvæðisins, að undanskildum Færeyjum og Grænlandi,

##### 6. gr.

Á eftir 28. gr. laganna bætist við ný grein, ásamt fyrirsögn, svohljóðandi og breytist greinatala samkvæmt því:

#### *Samstarfnet opinberra háskóla.*

Rektorar opinberra háskóla, sem fengið hafa viðurkenningu ráðherra skipa sérstaka samstarfsnefnd opinberra háskóla. Auk rektora skal skipa fulltrúa til viðbótar þar sem tekið verður mið af stærð háskólanna og umfangi. Nefndin skal koma saman reglulega og fjalla um sameiginleg málefni skólanna. Einkum er varðar stoðþjónustu, sameiginlega innritun, nám og námsframboð. Jafnframt skal

samræma gæðamat í starfsemi skólanna og samþættingu og skipulag fræðasviða í kennslu og rannsóknum.

Ráðherra skal setja nánari starfsreglur um samstarfsnet opinberra háskóla og skulu þær birtar í B-deild Stjórnartíðinda.

II. kafli.

**Breyting á lögum um búnaðarfræðslu, nr. 57/1999.**

7. gr.

Lög um búnaðarfræðslu, nr. 57/1999, falla brott.

III. kafli.

**Breyting á lögum um rannsóknir í þágu atvinnuveganna, nr. 64/1965.**

8. gr.

2. mgr. 9. gr. laganna fellur brott.

9. gr.

V. kafli laganna laganna, **Rannsóknarsvið Landbúnaðarháskóla Íslands**, 29. gr. – 37. gr., fellur brott.

IV. kafli.

**Breyting á lögum um tilraunastöð Búnaðarsambands Suðurlands og Landbúnaðarháskóla Íslands að Stóra-Ármóti, nr. 29/1981.**

10. gr.

Lög um tilraunastöð Búnaðarsambands Suðurlands og Landbúnaðarháskóla Íslands að Stóra-Ármóti, nr. 29/1981, falla brott.

V. kafli.

**Breyting á lögum um Matvælastofnun, nr. 80/2005.**

11. gr.

C. liður 2. gr. laganna orðast svo: að annast starfsemi um eftirlit samkvæmt lögum nr. 51/1981, með vörnum gegn sjúkdómum og meindýrum á plöntum.

VI. kafli.

**Gildistaka.**

12. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 2013.

**Ákvæði til bráðabirgða.**

**I.**

Skipunartími núverandi háskólaráða Landbúnaðarháskóla Íslands og Hólaskóla – Háskólans á Hólum framlengist til 1. október 2013 eða þar til nýir fulltrúar hafa verið valdir í háskólaráð skólans í samræmi við 6. gr. laga nr. 85/2008.

**II.**

Skipan kennslu og náms við Landbúnaðarháskóla Íslands og Hólaskóla – Háskólann á Hólum skal endurskoðuð og færð til samræmis við lög um háskóla, nr. 85/2008, fyrir skólaárið 2013-2014.

### III.

Nemendur sem við gildistöku laga þessara eru í námi við Landbúnaðarháskóla Íslands og Hólaskóla – Háskólann á Hólum eiga rétt á að ljúka því námi samkvæmt því námsskipulagi sem í gildi er við skólana miðað við gildandi reglur um námsframvindu.

### IV.

Ráðherra veitir Landbúnaðarháskóla Íslands heimild til að reka starfsmenntun á framhaldsskólastigi og gera sérstakan samning um þann hluta starfsemi Landbúnaðarháskóla Íslands sem fellur undir lög um framhaldsskóla, nr. 92/2008, er gildi frá og með skólaárinu 2013-2014.

### V.

Fjárframlög til Landbúnaðarháskóla Íslands verði á einum fjárlagalið undir mennta- og menningarmálaráðuneyti í stað tveggja ráðuneyti áður. Þannig sameinist liður 04-481 frá atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti lið 02-216 hjá mennta- og menningarmálaráðuneyti.

## Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

### I. Inngangur.

Frumvarp þetta mælir fyrir um breytingu á lögum um opinbera háskóla, nr. 85/2008, með áorðnum breytingum. Frumvarpið var samið í mennta- og menningarmálaráðuneytinu í samráði við opinberu háskólanna. Meginmarkmið með framlagningu frumvarps þessa er að allir opinberir háskólar búi við sama lagaumhverfi. Af því leiðir er í frumvarpinu lagt til að starfsemi Landbúnaðarháskóla Íslands og Hólaskóla – Háskólans á Hólum verði felld undir lög um opinbera háskóla, nr. 85/2008, og lög um búnaðarfræðslu, nr. 57/1999, falli brott. Með þessu yrði tekið mikilvægt skref til að einfalda lagaumgjörð um opinberu háskólanna.

Þá er jafnframt lagt til að samstarf opinberra háskóla verði lögfest, svo nefnt háskólanet. Opinberir háskólar hafa haft með sér samstarf frá árinu 2011 um margvíslega þætti er varðar stoðþjónustu og gæðamál auk annars sem telst til kennslu og rannsókna. Hér er lagt til að þessi samstarfsvettvangur verði frekar festur í sessi með sérstöku lagaákvæði og hlutverk slíks samstarfs skýrt nánar. Annað markmið frumvarpsins lýtur að því að samræma ákvæði laga um opinbera háskóla við tiltekna breytingar á lögum um háskóla, nr. 63/2006, sem samþykktar voru á 140. löggjafarþingi, vorið 2012, þ. m. t. ákvæðum laganna um hæfisskilyrði starfsmanna háskóla.

### II. Tilgangur og nauðsyn lagasetningar.

Lagaleg umgjörð háskóla hefur tekið grundvallarbreytingum á undanförunum árum. Sett voru ný lög um háskóla árið 2006 sem fólu í sér margháttaðar breytingar á starfsskilyrðum háskóla. T.d. var lögfest að allir starfandi háskólar þurfa að öðlast viðurkenningu ráðherra á starfsemi sinni og er sú viðurkenning tengd skilgreindum fræðasviðum. Bæði Landbúnaðarháskóli Íslands og Hólaskóli – Háskólinn á Hólum sóttu um og öðluðust slíka viðurkenningu á sínum tíma. Landbúnaðarháskóli Íslands á sviði náttúruvísinda og bú- og auðlindavísinda og Hólaskóli – Háskólinn á Hólum á sviði auðlinda- og búvísinda. Önnur meginbreyting á lagalegri umgjörð háskóla varð þegar Alþingi samþykkti lög um opinbera háskóla, nr. 85/2008. Við gildistöku þeirra laga hinn 1. júlí 2008 féllu úr gildi lög um Háskóla Íslands, nr. 41/1999, lög um Háskólann á Akureyri, nr. 40/1999, og lög um listmenntun á háskólastigi, nr. 43/1995. Lög um Kennaraháskóla Íslands, nr. 137/1997, féllu úr gildi sama dag er lög um sameiningu Kennaraháskóla Íslands og Háskóla Íslands tóku gildi. Opinberir háskólar, sem taldir eru upp í 1. gr. laganna, byggja starfsemi sína því á almennum háskólalögum og

lögum um opinbera háskóla. Í nágrannarlöndum Íslands eru starfsskilyrði háskóla með sambærilegum hætti og hér er lagt til, þ.e. með sömu lagaumgjörð – sama á hvaða fræðasviði þeir starfa.

Við setningu laga um opinbera háskóla árið 2008 var kveðið á um í bráðabirgðaákvæði með lögnum að búnaðarfræðslulög skyldu endurskoðuð fyrir árslok 2009. Að baki lá það sjónarmið að æskilegt væri að ráðrúm gæfist til að aðlaga starfsemi menntastofnana landbúnaðarins að þeim breytingum sem urðu á stöðu þeirra og högum við tilfærslu verkefna á milli ráðuneyta. Á sama tíma gæfist mennta- og menningamálaráðuneytinu færi á að gaumgæfa vel málefni landbúnaðarháskólanna áður en tekin væri afstaða til endurskoðunar á búnaðarfræðslulögum og gerðar tillögur til Alþingis um það hvernig málefnum skólanna yrði skipað.

Af hálfu mennta- og menningarmálaráðuneytisins og opinberu háskólanna hefur verið unnið að því að færa mikilvæga þætti í starfsemi skólanna að því sem almennt gildir um samskipti ráðuneytisins við háskóla í landinu. Hér má nefna uppbyggingu kennslu og rannsóknasamninga, fyrirkomulag fjárveitinga, fjárhagsmálefni og uppgjör, upplýsingagjöf, gæðastarf o.fl. Samtímis hefur verið unnið að endurskoðun búnaðarfræðslulaga, líkt og kveðið er á um í bráðabirgðaákvæði með lögum um opinbera háskóla. Í tengslum við þá vinnu hefur ráðuneytið haft samráð við sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytið. Verði frumvopið að lögum verður samræmd skipan í háskólaráð opinberu skólanna, sem yrði mikil framför.

Í júní 2010 gaf mennta- og menningarmálaráðuneytið út stefnu um hvernig staðið yrði vörð um starfsemi opinberu háskólanna. Til að fylgja eftir þeirri stefnu var stofnað í ágúst 2011 samstarfsnet opinberu háskólanna, svo nefnt háskólanet. Má segja að markmiðið með háskólanetinu sé þrjúþætt: Í fyrsta lagi að efla háskólakennslu, rannsóknir og nýsköpun til styrktar framtíðaruppbyggingu íslensks samfélags. Í öðru lagi að hagræða í rekstri háskólanna þannig að fjármunir nýtist sem allra best og í þriðja lagi að halda uppi öflugri og fjölbreyttri háskólastarfsemi víðs vegna um landið. Um var að ræða tveggja ára verkefni en í ljósi þess góða árangurs sem samstarf opinberra háskóla hefur leitt af sér er nú talið mikilvægt að festa samtarfið í sessi með því að setja ákvæði um samstarfsnet opinberu háskólanna í lög. Aukinheldur er í frumvarpinu mælt fyrir um með hvaða hætti slíkt samstarf skuli þróast og hvernig samþætta skuli frekar stoðþjónustu, stjórnun kennslu og rannsóknir opinberu háskólanna. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir heimild ráðherra til að setja stjórn háskólanetsins starfsreglur. Þar er nánar tilgreint að sameiginleg málefni háskólanna skuli varða stoðþjónustu, innritun, nám og námsframboð. Helstu kostir þessa er að nemendum verði þannig tryggð tiltekin samræming í þjónustu og námsframboði skólanna, sem mun að öllum líkindum leiða til þess að námsframboð skólanna verður fjölbreyttara.

Í frumvarpinu er einnig lagðar til tilteknar endurbætur á lögum um opinbera háskóla í ljósi þeirra breytinga sem samþykktar voru á 140. löggjafarþingi á lögum um háskóla, nr. 63/2006. Samkvæmt þeim breytingum var til dæmis lögfest með hvaða hætti háskólar á Íslandi skuli leitast við að vinna saman til að nýta sem best opinberar fjárveitingar og styrkja stöðu sína á alþjóðlegum vettvangi. Með þessu var lögð aukin áhersla á mikilvægi þess að háskólar á Íslandi vinni betur saman, enda njóta þeir allir fjárframlaga úr ríkissjóði. Einnig til að tryggja rétt nemenda til að fá nám viðurkennt milli íslenskra háskóla. Jafnframt var lögfest að einungis viðurkenndir háskólar megi bera heitið „háskóli“ og að kennarar við háskóla skuli hafa lokið doktorsprófi eða sambærilegri menntun.

### **III. Meginefni frumvarpsins.**

Eins og að framan greinir er að því stefnt að allir opinberir háskólar búi við sama lagaumhverfi. Helstu tillögur frumvarps þessa má skipta upp í eftirfarandi fjóra þætti:

1. Að samræma lagaumhverfi opinberra háskóla á Íslandi með afnámi laga um búnaðarfræðslu. Lagaumgjörð opinberra háskóla á Íslandi verði þannig samræmd og starfsskilyrði þeirra jöfnuð, m.a. með sambærilegri skipan háskólaráða. Með þessu mun lagaumgjörð, er varðar starfsemi opinberu háskólanna, í senn verða einfaldari og skýrari en áður og jafna starfsskilyrði þeirra.
2. Að lögfesta samstarfsnet opinberra háskóla, svo nefnt háskólanet, til að efla og formgera samstarf þeirra enn frekar. Verkefnastjórn samstarfsnetsins verði fest í sessi og er lagt til að hún fjalli um sameiginleg málefni háskólanna og beri ábyrgð á þeirri framkvæmd.
3. Að opinberum háskólum verði veitt heimild til að taka gjald af nemendum með ríkisfang utan Evrópska efnahagssvæðisins í samræmi við það sem gert hefur verið á Norðurlöndunum.
4. Að aðlaga tiltekin ákvæði laga um opinbera háskóla, nr. 85/2008 í samræmi við þær breytingar sem urðu á lögum um háskóla, nr. 63/2006, á 140. löggjafarþingi, t. a. m. ákvæðum um hæfisskilyrði starfsmanna háskóla.

#### **IV. Samráð.**

Við undirbúning frumvarpsins var haft samráð við helstu hagsmunaaðila. Þann 30. júní 2012 var öllum opinberu háskólunum sent frumvarpsdrög til nánari athugunar og voru þeir jafnframt beðnir um að koma athugasemdum sínum á framfæri til mennta- og menningarráðuneytisins, einkum er varðar ákvæði frumvarpsins um samstarfsnet opinbera háskóla. Athugasemdirnar sem bárust leiddu almennt ekki til grundvallarbreytinga á frumvarpsdrögum.

Þann 24. ágúst 2012 voru frumvarpsgreinar kynntar sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytinu. Í byrjun september fékk ráðuneytið síðan afhent til kynningar frumvarpsdrögin í heild með athugasemdum og skýringum við einstakar greinar. Þann 28. ágúst 2012 var haldinn sérstakur fundur á vegum mennta- og menningarmálaráðuneytisins með rektor Landbúnaðarháskóla Íslands þar sem farið var yfir helstu efnisatriði frumvarpsins. Í kjölfarið kom Landbúnaðarháskólinn með ábendingu um nýtt bráðabirgðaákvæði við lög, þ.e. að fjárframlög til Landbúnaðarháskóla Íslands verði framvegis á einum fjárlagalið undir mennta- og menningarmálaráðuneyti í stað tveggja áður. Jafnframt hafði ráðuneytið samráð við Landbúnaðarháskólann um samningu bráðabirgðaákvæðis IV. í frumvarpinu.

#### **V. Mat á áhrifum.**

Við mat áhrifum frumvarpsins, verði það að lögum, er hægt að líta til nokkurra þátta.

##### *1. Skipan háskólaráða.*

Víðtækt hlutverk háskólaráða er eitt meginéinkenni íslenska háskólakerfisins. Þetta hlutverk tekur bæði til stefnumörkunar og framkvæmdastjórnar, auk þess sem gengið er út frá því sem meginstefnu í gildandi lögum að háskólaráð sé æðsti ákvörðunaraðili innan hvers háskóla. Skipun yfirstjórnar opinberra stofnana er ákveðin með lögum. Hlutverk háskólaráða er markþætt:

- Að veita háskóla forustu jafnt inn á við sem út á við
- Að sinna endurskoðunar- og úrskurðarhlutverki
- Að vinna að heildarhagsmunum háskóla
- Að styðja við skilvirka framkvæmdastjórn

Til að tryggja sem mesta faglega breidd og styrk fyrir háskólann út á við eru háskólaráð háskóla með færri en 5.000 nemendur skipuð 6 fulltrúum auk rektors sem er formaður ráðsins en í háskóla með fleiri en 5.000 nemendur er háskólaráð skipað 10 fulltrúum auk rektors.

Samkvæmt ákvæðum 6. gr. laga um opinbera háskóla skulu í háskólaráði sitja tveir fulltrúar háskólasamfélagsins, tilnefndir af háskólafundi (sbr. 16 gr. laga um háskóla, nr. 63/2006), einn fulltrúi

af samtökum nemenda, einn fulltrúi tilnefndur af ráðherra og tveir fulltrúar tilnefndir af þeim sem fyrir eru í háskólaráði. Í lögnum er kveðið á um að leitast skuli á við að tryggja sem viðtækasta þekkingu og reynslu háskólanum til stuðnings og mega þeir ekki vera starfsmenn eða nemendur skólans.

Frumvarpinu er ætlað að leiða til þess að skipan háskólaráða fari fram með samræmdum hætti í öllum opinberum háskólum landsins, með því að Landbúnaðarháskóli Íslands og Hólaskóli – Háskólinn á Hólum falli heyri þar undir. Samkvæmt lögum um opinbera háskóla er ekki leitað beint til hagsmunaaðila, heldur eru utanaðkomandi valdir með faglegu mati af þeim sem eru fyrir í háskólaráði. Þannig eflist fagleg umfjöllun háskólaráðanna og sjálfstæði þeirra gagnavart utanaðkomandi hagsmunum. Fyrirkomulag á skipan háskólaráða í Háskóla Íslands og Háskólanum á Akureyri hafa reynst skólunum vel.

## 2. Háskólanetið.

Með nýju ákvæði um háskólanetið, sem kveðið er á um í frumvarpi þessu, er ætlunin að efla enn frekar samstarf opinberra háskóla. Gera má ráð fyrir auknu samstarfi og samþættingu námsframboðs sem og auknu samstarfi á sviði rannsókna. Samstarf opinberu háskólanna mun opna á ýmsa möguleika sem munu nýtast nemendum vel. Námskeið við aðra opinbera háskóla gefa nemendum tækifæri til að sækja námskeið sem ekki eru í boði í þeim skóla sem viðkomandi nemandi stundar nám í. Þá getur slíkt samstarf aukið val nemenda og tryggt fjölbreyttara námsframboð óháð búsetu. Ákvæðið byggir á starfi háskólanetsins, sem hefur verið við lýði síðast liðin tvö ár með góðum árangri. Áætlað er að frekari útfærsla verður sett í reglugerð og birt í B-hluta stjórnartíðinda. Ráðgert er að sú reglugerð verði unnin í samstarfi við verkefnisstjórn háskólanetsins.

## 3. Umsýslu- og afgreiðslugjald ríkja utan EES

Í frumvarpinu er mælt fyrir um opinberum háskólum verði veitt heimild til að taka umsýslu- og afgreiðslugjald af nemendum utan EES. Tilgangurinn er fyrst og fremst að minnka fjölda umsókna frá aðilum utan EES, en slíkar umsóknir hafa borist í auknum mæli til opinberra háskóla á Íslandi. Telja má að helsta ástæða þess sé að nemendur utan EES hafa litið svo á að menntunin hér landi sé í raun „ókeypis“. Þar sem Danmörk, Svíþjóð og Finnland að hluta til og ýmsar aðrar Evrópuþjóðir eru farnar að taka skólagjöld af nemendum utan EES hefur það þau áhrif hér, einkum hjá Háskóla Íslands, að umsóknir hér landi hafa margfaldast á síðustu árum. Stór hluti þessara umsókna eru meira eða minna ófullnægjandi og hefur valdið skólunum miklum kostnaði.

*Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.*

Um 1. gr.

Í 1. gr. frumvarpsins er lagt til að Landbúnaðarháskóli Íslands og Hólaskóli – Háskólinn á Hólum falli undir hugtakið „opinberir háskólar“ með því að vera upptaldir í 1. gr. laga um opinbera háskóla ásamt Háskóla Íslands og Háskólanum á Akureyri. Hugtakið nær því til allra háskóla sem reknir eru af hinu opinbera og lúta yfirstjórn ráðherra fræðslumála. Þessi breyting mun ekki fela í sér ýkja miklar breytingar á starfsemi skólanna, enda starfa þeir, samkvæmt gildandi lögum, á grundvelli almennra háskólalaga, lög nr. 63/2006, og endurspeglast helstu meginþættir þeirra laga í lögum um opinbera háskóla.

Um 2. og 3. gr.

Í frumvarpinu er lagt til að 2. gr. laga um opinbera háskóla falli brott þar sem mælt er fyrir um í 3. gr. frumvarpsins að hugtakið „sjálfstæð menntastofnun“ verði bætt við 1. másl. 1. mgr. 3. gr. laganna. Þá er jafnframt lagt til í 1. másl. 1. mgr. 3. gr. laganna verði vísað til 2. gr. og 3. gr. laga um háskóla. Með þessum breytingum verður 2. gr. laga um opinbera háskóla óþörf.

Í c-lið 3. gr. frumvarpsins er lagt til að bætt verði við 2. mgr. tilvísun í 21. gr. laga um háskóla sem fjallar um gerð kennslu- og rannsóknarsamninga við opinbera háskóla.

#### Um 4. gr.

Samkvæmt breytingum á lögum um háskóla, nr. 63/2006, sem samþykktar voru á 140. löggjafarþingi, var lögfest að þeir sem beri starfsheiti prófessora, dósentar, lektora og sérfræðinga skulu hafa þekkingu og reynslu í samræmi við alþjóðleg viðmið fyrir viðkomandi starfsheiti á þeirra fræðasviði, staðfest með áliti dómnefndar eða með doktorsprófi frá viðurkenndum háskóla. Í gildandi lögum um opinbera háskóla er gert ráð fyrir að viðkomandi starfsmenn hafi lokið meistaranámi hið minnsta. Í þeim nágrannaríkjum Íslands sem oftast eru höfð til samanburðar er doktorspróf í flestum tilvikum forsenda fyrir ráðningu í akademísk störf. Með frumvarpsgreininni er ætlað að tryggja gæði kennslu og rannsókna í opinberum háskólum og að þekking og reynsla sé í samræmi við alþjóðleg viðmið fyrir viðkomandi starfsheiti á hverju fræðasviði. Þetta ákvæði á ekki við um aðjúnkta og stundakennara enda ekki gerð krafa um doktorspróf hjá þeim.

#### Um 5. gr.

Í 5. gr. frumvarpsins er lagt til að opinberum háskólum verði veitt heimild til að taka sérstök umsýslu- og afgreiðslugjöld vegna nemenda utan EES svæðisins. Tilgangurinn er fyrst og fremst að minnka fjölda umsókna frá aðilum utan EES og sem hafa borist í auknum mæli til opinberra háskóla á Íslandi. Í fyrsta lagi má telja að helsta ástæða þess sé að aðilar utan EES líta svo á að menntunin hér á landi sé í raun, „ókeypis“. Í öðru lagi þá hafa Danmörk, Svíþjóð og Finnland, að hluta til, og ýmsar aðrar Evrópuþjóðir farið að taka skólagjöld af nemendum utan EES, sem hefur haft þau áhrif hér á landi, einkum hjá Háskóla Íslands, að umsóknir frá nemendum utan EES hefur margfaldast á síðustu árum. Sem dæmi má nefna að árið 2011 fékk Háskóli Íslands um 800 umsóknir frá Nígeríu, um 200 umsóknir frá Kamerún og álíka margar frá Pakistan, Íran, Írak o.s.frv. Þetta hefur leitt af sér mikla vinnu hjá háskólunum að fara yfir þessar umsóknir, sem margar hverjar uppfylla ekki skilyrði um inngöngu af ýmsum ástæðum. Vegna þessa er hér lagt til að opinberum háskólum verði veitt heimild til þess að innheimta umsýslu- og afgreiðslugjöld vegna umsókna nemenda með ríkisfang utan EES, að undanskildum Færeyjum og Grænlandi. Gert er ráð fyrir að gjaldið sé í samræmi við þann kostnað sem fellur á skólana vegna þessarar umsýslu.

#### Um 6. gr.

Í 6. gr. frumvarpsins er lagt til að festa í sessi starfsemi samstarfsnets háskólanna, svo nefnt háskólanet. Ráðgert er að samstarfsnefndin fjalli um sameiginleg verkefni opinberra háskóla og sameinist um framkvæmd þeirra. Í því felst að stjórnýsla og stoðþjónusta opinberu háskólanna verður skipulögð sem ein heild þó starfsemin sé staðsett víða um landið. Þá er lagt til að festa í sessi sameiginlegum kennslu- og námsvef, og sameiginlegri miðstöð framhaldsnáms. Aukinheldur er mælt fyrir um að efla rannsóknasamstarf háskólanna. Samstarfsnetið skal því leggja áherslu á að samþætta stjórnun fræðasviða milli stofnana til að efla og samræma námsframboð sem til þess heyrir og við á. Markmiðið með samstarfsnetinu er að gefa íslenskum nemendum kost á betra og fjölbreyttara námsframboð og að þeir geti tekið hluta af námi sínu í fleiri en einum skóla. Með samþættingu fræðasviða er átt við að þeir háskólar sem viðurkenndir eru á sama fræðasviði og bjóða upp á sambærilegar námsleiðir til prófgráðu, skulu hafa með sér samráð um námsframboð og kennslukraft. Samstarfsnet opinberu háskólanna er ætlað að vera miðstöð fjarnáms á háskólastigi og efla frekar tengsl háskólanna við þekkingarnet og símenntunarmiðstöðvar.

Í 2. mgr. er ráðgert að ráðherra fræðslumála setji samstarfsnetinu nánari starfsreglur. Í slíkum starfsreglum verði m.a. kveðið á um stöðu samstarfsnetsins gagnavart stjórnýslu opinberu háskólanna, helstu verkefni og markmið. Jafnframt verði fjallað um með hvaða hætti opinberu háskólarnir geti

sameinað starfsemi sína að fullu innan samstarfssins. Gert er ráð skipan samstarfsnefndarinnar verði þannig að Háskóli Íslands muni hafa þrjá fulltrúa, Háskólinn á Akureyri tvo og Landbúnaðarháskóli Íslands og Hólaskóli – Háskólinn á Hólum einn hvor.

Um 7. gr.

Í 7. gr. frumvarpsins er lagt til að lög um búnaðarfræðslu, nr. 57/1999, falli brott. Meginmarkmið frumvarpsins er að allir opinberir háskólar búi við sama lagaumhverfi. Í frumvarpinu er því lagt til að starfsemi Landbúnaðarháskóla Íslands og Hólaskóla – Háskólans á Hólum verði felldir undir lög um opinbera háskóla, nr. 85/2008. Um nánari skýringar vísast til almennra athugasemda frumvarpsins.

Um 8. gr.

Við brottfall laga um búnaðarfræðslu, mun lagastoð sem nú er í 17. gr. þeirra laga falla niður, sem kveður á um starfrækslu sérstaks rannsóknasviðs við Landbúnaðarháskóla Íslands, sem hefur skírskotun til V. kafla laga um rannsóknir í þágu atvinnuveganna, nr. 64/1965. Ákvæðið á rót sína að rekja til sameiningar á starfsemi Rannsóknarstofnunar landbúnaðarins á Keldnaholti við Landbúnaðarháskólann á Hvanneyri og Garðyrkjuskóla ríkisins. Vegna þessa er hér lagt til að 2. mgr. 9. gr. laga nr. 64/1965 falli brott. Um nánari skýringar vísast til athugasemda um 9. gr. frumvarpsins.

Um 9. gr.

Í 8. gr. frumvarpsins er mælt fyrir um að umfjöllun um hlutverk rannsóknasviðs Landbúnaðarháskóla Íslands falli brott úr lögum um rannsóknir í þágu atvinnuveganna, nr. 64/1965. Rannsóknir eru verulegur hluti af starfsemi Landbúnaðarháskóla Íslands og fara þær fram við háskóladeildir skólans rétt eins og viðtekin venja er í háskólum almennt. Þykir því óþarfi að skilgreina sérstakt rannsóknarsvið eins og áður var.

Núgildandi rannsóknasamningur sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytis, nú atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytis, við Landbúnaðarháskóla Íslands gildir til ársloka 2012. Því er lagt til að mennta- og menningarmálaráðuneytið geri sérstakan rannsóknasamning við Landbúnaðarháskólann sem yrði sérstakur viðauki við samning mennta- og menningarmálaráðuneytis um kennslu og rannsóknir Landbúnaðarháskóla Íslands 2012-2016. Markmið háskólasamninga mennta- og menningarmálaráðuneytisins er m.a. aukið gagnsæi, eftirlit og eftirfylgni með starfsemi þeirra.

Mennta- og menningarmálaráðuneytið mun gefa atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu kost á að sitja samráðsfundi háskóla og ráðuneytis m.a. vegna mikilvægis góðrar tengingar háskólanna við atvinnulíf og nýsköpun.

Um 10. gr.

Hér er lagt til að lög um tilraunastöð Búnaðarsambands Suðurlands og Landbúnaðarháskóla Íslands að Stóra-Ármóti, nr. 29/1981, falli brott.

Ráðgert er að Landbúnaðarháskólinn og Búnaðarsamband Suðurlands geri samning sín á milli um sameiginlegan rekstur tilraunastöðvarinnar að Stóra-Ármóti, sem hefur það viðfangsefni að vera alhliða tilraunastarfsemi í nautgriparækt með aðaláherslu á fóðrun og meðferð gripa ásamt því að sinna verkefnum á sviði annarra búgreina, eftir því sem aðstæður leyfa hverju sinni.

Um 11. gr.

Í greininni eru lagðar til smávægilegar orðalagsbreytingar á c. lið 2. gr. laga um Matvælastofnun. Engin efnisleg breyting felst í þessari tillögu.

Um 12. gr.



Greinin þarfnast ekki skýringar.

#### Um ákvæði til bráðabirgða I.

Meginmarkmið frumvarpsins er að allir opinberir háskólar búi við sama lagaumhverfi. Í frumvarpinu er því lagt til að starfsemi Landbúnaðarháskóla Íslands og Hólaskóla – Háskólans á Hólum heyri undir lög um opinbera háskóla, nr. 85/2008, og lög um búnaðarfræðslu, nr. 57/1999, falli brott. Vegna þessa er hér mælt fyrir um samræmda skipan í háskólaráð opinberu háskólanna og er í ákvæðinu lagt til að skipunartími núverandi háskólaráða Landbúnaðarháskóla Íslands og Hólaskóla – Háskólans á Hólum framlengist til 1. október 2013 eða þar til nýir fulltrúar hafa verið valdir í háskólaráð skólans í samræmi við 6. gr. laga um opinbera háskóla, nr. 85/2008.

#### Um ákvæði til bráðabirgða II.

Hér er ráðgert að skipan kennslu og náms við Landbúnaðarháskóla Íslands og Hólaskóla – Háskólann á Hólum verði endurskoðuð og færð til samræmis við lög um opinbera háskóla, nr. 85/2008, fyrir skólaárið 2014-2015.

#### Um ákvæði til bráðabirgða III.

Í ákvæðinu er lagt til að við gildistöku laganna að þeir nemendur, sem eru þegar í námi við Landbúnaðarháskóla Íslands og Hólaskóla – Háskólann á Hólum, skuli eiga rétt á að ljúka því námi samkvæmt því námsskipulagi sem er í gildi við skólana miðað við gildandi reglur um námsframvindu.

#### Um bráðabirgðaákvæði IV.

Þar sem í frumvarpinu er mælt fyrir um að ráðherra veiti Landbúnaðarháskóla Íslands heimild til að reka starfsmenntun á framhaldsskólastigi og geri sérstakan samning um þann hluta starfsemi Landbúnaðarháskóla Íslands sem fellur undir lög um framhaldsskóla, nr. 92/2008, er gildi frá og með skólaárinu 2012-2013. Þetta fyrirkomulag er talið henta vel enda er um að ræða sérhæft nám, með takmörkuðum nemendafjölda, sem kallar á sértæka aðstöðu sem þegar er fyrir hendi hjá skólanum vegna rannsókna og háskólanáms.

#### Um bráðabirgðaákvæði V.

Hér er lagt til að fjárframlög til Landbúnaðarháskóla Íslands verði á einum fjárlagalið undir mennta- og menningarmálaráðuneyti í stað tveggja áður. Þegar Landbúnaðarháskóli Íslands varð til árið 2005 runnu saman Landbúnaðarháskólinn á Hvanneyri, Garðyrkjuskóli ríkisins á Reykjum í Ölfusi og Rannsóknastofnun landbúnaðarins. Hin nýja stofnun var vistuð undir Landbúnaðarráðuneyti (fjárlagaliður 04-262) fyrst um sinn en flutt yfir til mennta- og menningarmálaráðuneytis við stjórnarráðsbreytingar um áramót 2007/2008. Þegar skólinn var fluttur á milli ráðuneyta var ákveðið að halda eftir á sérstökum fjárlagalið undir sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneyti þeim hluta fjárlagaramma skólans sem samsvaraði hlut Rannsóknarstofnunar landbúnaðarins við samrunann 2005. Skólinn hefur því frá árinu 2008 fengið fjárframlög af tveimur fjárlagaliðum annarsvegar frá mennta- og menningarmálaráðuneyti (fjárlagaliður 02-216) og hinsvegar frá sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneyti (fjárlagaliður 04-481). Nú þegar lög nr. 57/1999 um búnaðarfræðslu og kafli V í lögum nr. 64/1965 um rannsóknir í þágu atvinnuveganna falla brott er eðlilegt að færa þetta undir einn fjárlagalið hjá mennta- og menningarmálaráðuneyti sem fer með málefni skólans og semur við hann um verkefni.

## Fylgiskjal I.

### Samanburður á ákvæðum frumvarpsins og gildandi lögum.

#### GILDANDI LÖG

#### BREYTING, VERÐI FRUMVARPIÐ AÐ LÖGUM.

##### Lög um opinbera háskóla, nr. 85/2008.

##### Lög um opinbera háskóla, nr. 85/2008.

###### 1. gr. Gildissvið.

###### 1. gr. Gildissvið.

Lög þessi gilda um Háskóla Íslands og Háskólann á Akureyri sem reknir eru sem opinberir háskólar og lúta yfirstjórn ráðherra. Opinber háskóli er í lögum þessum nefndur háskóli.

Ráðherra birtir auglýsingu um háskóla sem starfa samkvæmt lögum þessum.

Lög þessi gilda um Háskóla Íslands, Háskólann á Akureyri, *Landbúnaðarháskóla Íslands og Hólaskóla – Háskólans á Hólum* sem reknir eru sem opinberir háskólar og lúta yfirstjórn ráðherra. Opinber háskóli er í lögum þessum nefndur háskóli.

Ráðherra birtir auglýsingu um háskóla sem starfa samkvæmt lögum þessum.

###### 2. gr. Sjálfstæð menntastofnun.

###### 2. gr. Sjálfstæð menntastofnun.

Háskóli er sjálfstæð menntastofnun sem heyrir undir ráðherra sbr. 2. og 3. gr. laga um háskóla. Hann hefur sjálfðæmi um starfsemi sína að öðru leyti en kveðið er á um í lögum, reglum eða öðrum fyrir mælum sem gilda um háskólastarf. [...]

###### 3. gr. Hlutverk.

###### 3. gr. Hlutverk.

Háskóli sinnir kennslu, rannsóknum, þekkingarleit og sköpun á sviði vísinda, fræða, tækniþróunar eða lista. Hann miðlar fræðslu til almennings og veitir þjóðfélaginu þjónustu í krafti þekkingar sinnar. Háskóla er enn fremur heimilt að sinna endurmenntun þeirra sem lokið hafa háskólaprófi í þeim fræðum sem stunduð eru innan hans.

Ráðherra er heimilt að fela einstökum háskólum að sinna kennslu eða rannsóknum á ákveðnum

Háskóli er *sjálfstæð menntastofnun* sem sinnir kennslu, rannsóknum, þekkingarleit og sköpun á sviði vísinda, fræða, tækniþróunar eða lista, *sbr., 2. gr. og 3 gr. laga um háskóla*. Hann miðlar fræðslu til almennings og veitir þjóðfélaginu þjónustu í krafti þekkingar sinnar. Háskóla er enn fremur heimilt að sinna endurmenntun þeirra sem lokið hafa háskólaprófi í þeim fræðum sem stunduð eru innan hans.

Ráðherra er heimilt að fela einstökum háskólum

afmörkuðum sviðum, ótímabundið eða til ákveðins tíma.

Um hlutverk háskóla fer að öðru leyti eftir því sem mælt er fyrir um í lögum nr. 63/2006, um háskóla.

#### 16. gr. Dómnefndir.

Háskóli skal setja á fót dómnefnd til þess að meta hæfi þeirra sem sækja um akademísk störf eða fá boð um slíkt starf. Þeir sem hljóta akademískt starf við háskóla eða háskólastofnun skulu hafa lokið meistaraprófi hið minnsta eða hafa jafngilda þekkingu og reynslu að mati dómnefndar. Þeir skulu jafnframt hafa sýnt þann árangur í starfi að þeir njóti viðurkenningar á viðkomandi sérsviði.

Skóla eða stofnun er heimilt að gera kröfu um að umsækjendur um akademískt starf hafi doktorspróf á viðkomandi sérsviði.

Um skipan, störf og niðurstöður dómnefndar fer skv. 18. gr. laga um háskóla og reglum sem háskólaráð setur að fenginni umsögn háskólafundar. Í þeim reglum skal tryggt að umsóknir hljóti faglega og óvilhalla meðferð. Heimilt er að taka upp fyrirkomulag fastra dómnefnda innan háskóla.

#### 24. gr. Fjármögnun.

Hver háskóli hefur sjálfstæða fjárveitingu á fjárlögum. Ráðherra gerir tillögur um fjárframlög til hvers háskóla til að mæta útgjöldum til kennslu, rannsókna og annarra verkefna.

Háskóla er heimilt að afla sér tekna til viðbótar við framlög skv. 1. mgr. með:

a. skrásetningargjöldum sem nemendur greiða við skráningu í nám, allt að 60.000 kr. fyrir hvern nemanda á ársgrundvelli; álögð gjöld samkvæmt þessum lið skulu eigi skila háskóla hærrí tekjum en sem nemur samanlögðum útgjöldum

að sinna kennslu eða rannsóknum á ákveðnum afmörkuðum sviðum, ótímabundið eða til ákveðins tíma, *sbr. 21. gr. laga um háskóla.*

Um hlutverk háskóla fer að öðru leyti eftir því sem mælt er fyrir um í lögum nr. 63/2006, um háskóla.

#### 16. gr. Dómnefndir.

Háskóli skal setja á fót dómnefnd til þess að meta hæfi þeirra sem sækja um akademísk störf eða fá boð um slíkt starf. *Þeir sem bera starfsheitin prófessor, dósent, lektor og sérfræðingur skulu hafa þekkingu og reynslu í samræmi við alþjóðleg viðmið fyrir viðkomandi starfsheiti á þeirra fræðasviði, staðfest með álitni dómnefndar eða með doktorsprófi frá viðurkenndum háskóla.*

Skóla eða stofnun er heimilt að gera kröfu um að umsækjendur um akademískt starf hafi doktorspróf á viðkomandi sérsviði.

Um skipan, störf og niðurstöður dómnefndar fer skv. 18. gr. laga um háskóla og reglum sem háskólaráð setur að fenginni umsögn háskólafundar. Í þeim reglum skal tryggt að umsóknir hljóti faglega og óvilhalla meðferð. Heimilt er að taka upp fyrirkomulag fastra dómnefnda innan háskóla.

#### 24. gr. Fjármögnun.

Hver háskóli hefur sjálfstæða fjárveitingu á fjárlögum. Ráðherra gerir tillögur um fjárframlög til hvers háskóla til að mæta útgjöldum til kennslu, rannsókna og annarra verkefna.

Háskóla er heimilt að afla sér tekna til viðbótar við framlög skv. 1. mgr. með:

a. skrásetningargjöldum sem nemendur greiða við skráningu í nám, allt að [60.000 kr.]<sup>1)</sup> fyrir hvern nemanda á ársgrundvelli; álögð gjöld samkvæmt þessum lið skulu eigi skila háskóla

háskólans vegna nemendaskráningar og þjónustu við nemendur sem ekki telst til kostnaðar við kennslu og rannsóknastarfsemi,

b. gjöldum til að standa undir útgáfu staðfesta vottorða, gerð, fyrirlögn og yfirferð stöðu-, inntöku-, upptöku- og fjarprófa,

c. gjöldum fyrir þjónustu sem telst utan þeirrar þjónustu sem háskóla er skylt að veita,

d. gjöldum fyrir þjónustu sem háskóli veitir og grundvölluð er á samningi við ráðuneytið, sbr. d-lið 2. mgr. 21. gr. laga um háskóla,

e. gjöldum fyrir endurmenntun skv. 23. gr. a,

f. gjöldum fyrir fræðslu fyrir almenning.

Háskóla er heimilt að skipta innheimtu skrásetningargjalds skv. a-lið hlutfallslega yfir skólaárið.

Heimilt er að taka 15% hærra gjald af þeim sem fá leyfi til skrásetningar utan auglýstra skráningartímabila, sbr. a-lið 2. mgr.

Háskólaráð setur nánari reglur um gjaldtöku og ráðstöfun gjalda samkvæmt þessari grein. Í reglum háskólaráðs er heimilt að mæla fyrir um lækkun skrásetningargjalds til tekjulítilla stúdenta er búa við örorku eða fötlun, sbr. 2. gr. laga nr. 59/1992, um málefni fatlaðra. Heimilt er að miða slíkar reglur við tekjumörk og hvort lækkun sé í formi fastrar krónutölu eða hlutfalls af skrásetningargjaldi. Í reglum háskólaráðs er jafnframt heimilt að verja hluta skrásetningargjalds til félagssamtaka stúdenta.

hærra tekjum en sem nemur samanlögðum útgjöldum háskólans vegna nemendaskráningar og þjónustu við nemendur sem ekki telst til kostnaðar við kennslu og rannsóknastarfsemi,

b. gjöldum til að standa undir útgáfu staðfesta vottorða, gerð, fyrirlögn og yfirferð stöðu-, inntöku-, upptöku- og fjarprófa,

c. gjöldum fyrir þjónustu sem telst utan þeirrar þjónustu sem háskóla er skylt að veita,

d. gjöldum fyrir þjónustu sem háskóli veitir og grundvölluð er á samningi við [ráðuneytið, sbr. d-lið 2. mgr. 21. gr. laga um háskóla,

e. gjöldum fyrir endurmenntun skv. 23. gr. a

f. gjöldum fyrir fræðslu fyrir almenning,

g. gjöldum fyrir nám nemenda með ríkisfang frá ríki utan Evrópska efnahagsvæðisins, að undanskildum Færeyjum (og Grænlandi).

Háskóla er heimilt að skipta innheimtu skrásetningargjalds skv. a-lið hlutfallslega yfir skólaárið.

Heimilt er að taka 15% hærra gjald af þeim sem fá leyfi til skrásetningar utan auglýstra skráningartímabila, sbr. a-lið 2. mgr.

Háskólaráð setur nánari reglur um gjaldtöku og ráðstöfun gjalda samkvæmt þessari grein. Í reglum háskólaráðs er heimilt að mæla fyrir um lækkun skrásetningargjalds til tekjulítilla stúdenta er búa við örorku eða fötlun, sbr. 2. gr. laga nr. 59/1992, um málefni fatlaðra. Heimilt er að miða slíkar reglur við tekjumörk og hvort lækkun sé í formi fastrar krónutölu eða hlutfalls af skrásetningargjaldi. Í reglum háskólaráðs er jafnframt heimilt að verja hluta skrásetningargjalds til félagssamtaka stúdenta.

#### **29. gr. Samstarfsnet opinberra háskóla.**

*Rektorar opinberra háskóla, sem fengið hafa viðurkenningu ráðherra, skipa sérstaka*

*samstarfsnefnd opinberra háskóla. Auk rektora skal skipa fulltrúa til viðbótar þar sem tekið verður mið af stærð háskólanna og umfangi. Nefndin skal koma saman reglulega og fjalla um sameiginleg málefni skólanna. Einkum er varðar stoðþjónustu, sameiginlega innritun, nám og námsframboð. Jafnframt skal samræma gæðamat í starfsemi skólanna og samþættingu og skipulag fræðasviða í kennslu og rannsóknnum.*

*Ráðherra skal setja nánari starfsreglur um samstarfsnet opinberra háskóla og skulu þær birtar í B-deild Stjórnartíðinda.*

DRÖG